

# Starfsreglur

## fyrir Endurskoðunarnefnd lífeyrissjóðs Kjalar

### Skipun endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefndin starfar samkvæmt 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þar er kveðið á um að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á skipan endurskoðunarnefndar, hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

### Nefndarskipan

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháðir lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni lífeyrissjóðsins og önnur þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

### Tilgangur og hlutverk endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga lífeyrissjóðsins og óhæði endurskoðenda hans. Endurskoðunarnefnd skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins, innri endurskoðun, ef við á, áhættustýringu og annarra eftirlitsþátta.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögur um val á endurskoðendum.
6. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál lífeyrissjóðsins.
7. Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
8. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram á innra eftirliti.

### Fundir

Endurskoðunarnefndin heldur a.m.k. fjóra fundi á ári. Formaður nefndarinnar sér um að boða fundi í samráði við aðra nefndarmenn. Ritari nefndarinnar sér um að fundir séu færðir til bókar og fundargerð borin upp til samþykktar á næsta fundi. Í upphafi hvers árs gerir endurskoðunarnefndin áætlun um fundi og fundarefni.

### **Samskipti við stjórn**

Endurskoðunarnefndin skilar árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar sjóðsins. Í skýrslunni skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun, áhættustýringu og endurskoðun.

### **Samskipti við innri og ytri endurskoðendur**

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur minnst einu sinni á ári gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem koma fram við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er.


### **Samskipti við starfsmenn**

Nefndin hefur heimild til að kalla til starfsmenn lífeyrissjóðsins til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna. Framkvæmdastjóri skal fara yfir og skýra starfsemi sjóðsins á reglulegum fundum nefndarinnar. Framkvæmdastjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

### **Gildistaka, samþykki**

Stjórn lífeyrissjóðs Kjalar hefur samþykkt starfsreglur endurskoðunarnefndar sjóðsins og taka þær gildi 16.02.2010.

f.h. Endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðs Kjalar



Jóhann Kristján Ragnarsson, formaður